

Nr. 115 / 15 Dísa**Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2815
IMO 7013733
Smíðaður: Danmörk 1968, stál
Stærð: 623 brt
Mesta lengd: 58,10 m Skráð lengd: 52,75 m
Breidd: 10,3 m Dýpt: 4 m
Vél: M.A.K. 625 kW, 1968
Fjöldi skipverja: 5



Dísa©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. október 2015 var dýpkunarskipið DÍSA við bryggju í Þorlákshöfn. Veður: SA 5 m/s.

Unnið hafði verið við viðgerð á blöndunarloka fyrir dælu sem dælir farmi úr lest skipsins. Enginn skipverji var um borð um nóttina en þegar þeir komu til vinnu um morguninn var kominn sjór í vélarrúmið.

Við rannsókn kom fram:

- að um 70 cm sjór var yfir gangpalla í vélarúmi og um 200 m³ í lest skipsins;
- að skipverjar höfðu verið að vinna við sjóblöndunarloka fyrir farmdælu sem staðsettur var í vélarrúminu og urðu ekki varir við leka að því loknu;
- að ekki var settur blindflang á lokann eftir sundurtekt;
- að vélstjóri kom um borð í eftirlitsferð um miðnætti og varð ekki var við leka;
- að líklega hefur botnlokinn fyrir blöndunarlokann lekið vegna þess að aðskotahlutur hafi lent í honum þegar honum var lokað.

Nefndarálit:

Ástæða óhappsins er leki sem koma hefði mátt í veg fyrir með því að blinda lokahúsið áður en skipið var yfirgefið.